# RE: Skýrsla vegna mælinga á símasambandi í Dalabyggð

Þorleifur Jónasson - FST <thorleifur@fjarskiptastofa.is>
To Jóhanna María Sigmundsdóttir
Cc Sveitarstjóri Dalabyggð

Reply | Reply All | Forward | ...

mán. 12.12.2022 11:18

Vistað í OneCRM | 2212003

You replied to this message on 12.12.2022 11:25.

Sæl bæði og takk fyrir gott spjall í síðustu viku. Eins og við ræddum kemur hér stutt óformleg samantekt af því sem ég fór yfir á fundinum.

Í niðurstöðum mælinga sem Fjarskiptastofa (FST) framkvæmdi í sumar í Dalabyggð kemur m.a. fram að það eru 3 svæði sem skera sig úr með sambandsleysi en það eru Sælingsdalur en þar er ekkert samband. Á Kjarlaksvöllum er eingöngu UMTS/3G hjá Vodafone/Nova nothæft. Innst í Hörðudal er ekkert GSM en UMTS/3G og LTE/4G hjá Símanum er í lagi þar. Hafa þarf í huga að mælingarnar eru framkvæmdar utanhúss, þ.e. með loftneti á þaki mælingabíls. Gera þarf ráð fyrir deyfingu inn í hús, mismunandi eftir gerð húss, klæðningu og gerð glerja í gluggum. Þá sýna mælingarnar að mismunandi styrkur er frá netum félaganna og því getur í einhverjum tilvikum verið til bóta að skipta um þjónustuaðila.

Þó að upplifun notenda sé í einhverjum tilviku að ekki sé nægilega gott samband, sérstaklega innanhúss er rétt að hafa í huga að ný tækni getur hjálpað að einhverju leiti. Fjarskiptafélögin eiga að geta boðið uppá svokallaða „Voice over WiFi" lausn en sú lausn tryggir að símtöl og sms berast inn í hús þar sem tryggt þráðlaust net er til staðar.

Fjarskiptastofa er einnig að skoða möguleika á að heimila notkun magnara sem magna upp styrk merkis á ákveðnum svæðum. Það hefur ekki verið löglegt að nýta slík tæki hingað til en FST skoðar nú hvort hægt sé að heimila notkun ákveðinna viðurkenndra tækja sem tryggt er að valdi ekki truflunum á fjarskiptum.

Fjarskiptastofa hefur einnig fengið heimildir í nýjum fjarskiptalögum til þess að hvetja til og heimila aukna samvinnu fjarskiptafélaga við uppbyggingu innviða og samnýtingu á tíðni. Þessa má sjá merki í verkefnum sem Neyðarlínan ásamt rekstraraðilum fjarskiptakerfa er með í gangi og á áætlun til þess að tryggja aukna dreifingu á stöðum þar sem fjarskiptasamband er ábótavant. Þá er rétt að benda á að í tíðniheimildum sem FST mun gefa út snemma á árinu 2023 er að finna kvaðir sem miða að því að tryggja slitlaust samband á þjóðvegum landsins.

Að lokum er rétt að nefna að mikil þróun er í gangi varðandi fjarskiptasamband yfir lágfljúgandi gervihnetti (e. Low Earth Orbit, LEO) sem munu þekja allan landmassa Íslands og hafið í kring. Gert er ráð fyrir að slík þjónusta verði í boði hér á landi snemma á næsta ári og gæti í framtíðinni aukið öryggi allra landsmanna mikið.

Kveðja/Regards,
Þorleifur

Sviðsstjóri innviðasviðs/Director Infrastructure Division
Fjarskiptastofa/Electronic Communications Office of Iceland